STJÓRNARTÍÐINDI B 55 — 1987

26. október 1987 911 Nr. 486

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á skjaldarmerki Akureyrar.

Með skírskotun til 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnist hér með að félagsmálaráðuneytið hefur í dag staðfest samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar frá 29. ágúst 1987 um skjaldarmerki Akureyrar.

Samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar er svohljóðandi:

1. gr.



Skjaldarmerki Akureyrar skal vera blár (Panton process blue) skjöldur með hvítum fugli. Á bringu fuglsins er skjöldur markaður með kornknippi. Blái liturinn er litur himinsins og fjarlægra fjalla, kornknippið tákn nafnsins Akureyri en fuglinn tengdur frásögn Heimskringlu um landvættir. Haraldur Gormsson konungur bauð kunnugum manni að fara í hamförum til Íslands. Sá fór í hvalslíki. Er hann fór inn eftir Eyjafirði kom á móti honum fugl svo mikill, að vængirnir tóku út fjöllin tveggja vegna, og fjöldi annarra fugla, bæði stórir og smáir.

2. gr.

Notkun á skjaldarmerki Akureyrar er óheimil án leyfis bæjarstjórnar Akureyrar, sbr. 37. gr. laga nr. 56/1978. Ekki er heimilt að breyta út af samþykktri gerð merkisins, sbr. meðfylgjandi teikningu, nema í sérstakri hátíðarútgáfu og í svart-hvítri útgáfu.

3. gr.

Í hátíðarútgáfu merkisins eru tunga, klær og skjöldur á bringu fuglsins í rauðum lit (Panton warm red), en goggur, fætur og kornknippi í gulum lit (Panton 123). Hátíðarútgáfu skjaldarmerkisins má aðeins nota þar sem merkið stendur eitt og sér, t.d. á fánum, skjöldum og barmmerkjum.

4. gr.

Svart-hvíta útgáfu skjaldarmerkisins má einungis nota við bóka- og blaðaprent og er hún heimil án sérstaks leyfis. Í svart-hvítri útgáfu er blár flötur táknaður með láréttum línum, en rauður litur með lóðréttum línum.

Félagsmálaráðuneytið, 26. október 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Líndal.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg